



LEIÐBEININGAR FYRIR SKRÁNINGAR OG GREIÐSLUKERFI - NORI

NORI er vefskráningar og greiðslukerfi Vals sem auðveldar utanumhald fyrir félagið og deildir þess. Forráðamenn skrá sjálfir inn allar upplýsingar og ganga frá greiðslum á æfingagjöldum í gegnum netið. Kerfið sparar þannig mikla vinnu og veitir um leið betri þjónustu fyrir notendur.

Kerfið heldur utan um námskeið sem í boði eru, tímabil og annað sem við á. Þá tekur kerfið við greiðslum, sendir út kvittanir auk þess sem notendur geta ráðstafað frístundastyrk. Kerfið er einnig notað til að halda utan um mætingar- og póstlista þar sem þjálfarar geta miðlað upplýsingum með auðveldum hætti til forráðamanna.

Með NORA verða allar skráningar markvissari og betri, upplýsingar s.s. símar og netföng eru eins réttar og þær geta orðið. Þjálfarar geta haldið utan um mætingar iðkenda, stjórnir deilda haft betri yfirsýn, innheimta skilvirkari og utanumhald betra.

NORI er beintengdur island.is sem þýðir að forráðamenn nota rafræna auðkenningu eða rafræn skilríki til að auðkenna sig. Rafræn skilríki eru öruggasta auðkenning sem hægt er að nota á netinu. Það er einfalt og þægilegt að nota skilríkin þar sem ekki þarf að muna mismunandi notendanöfn og lykilorð heldur er valið eitt PIN-númer.

Að kröfu hins opinbera er ekki er hægt að ráðstafa frístundastyrk nema með rafrænni auðkenningu. Kjósi forráðamaður að skrá sig inn án rafrænnar auðkenningar getur hann gengið frá skráningu en ekki ráðstafað frístundastyrk. Með rafrænni auðkenningu geta forráðamenn iðkenda í Val því ráðstafað frístundastyrkjum til félagsins.

Farið er slóðina valur.felog.is þar sem haka þarf við að „Samþykkja skilmála“ og svo er smellt á island.is innskráning. Kjósi að forráðamaður að að skrá sig inn án rafrænnar auðkenningar (án island.is) er slegin inn kennitala og lykilorð.



Því næst færist notandi beint inn á skráningarsíðu island.is þar sem valið er innskráningarform, Íslykill eða rafræn skilríki í farsíma. Íslykillinn getur þú nálgast inn á „rafrænum skjölum“ í einkabanka en Rafræn skilríki er hægt að tengja við snjallsíma í útibúum viðskiptabankanna hér á landi.



Íslykill	Rafræn skilríki
Kennitala: <input type="text" value="Sláðu inn kennitölu"/>	Skilríki í síma: <input type="text" value="Sláðu inn símanúmer"/>
Íslykill: <input type="text" value="Sláðu inn Íslykil"/>	Gættu þess að síminn sé ólæstur <input type="button" value="Innskrá"/>
Íslenskir sérstafir: <input type="text" value="á"/> <input type="text" value="ð"/> <input type="text" value="é"/> <input type="text" value="í"/> <input type="text" value="ó"/> <input type="text" value="ú"/> <input type="text" value="ý"/> <input type="text" value="þ"/> <input type="text" value="æ"/> <input type="text" value="ö"/>	Skilríki á korti: Settu kortið í lesarann <input type="button" value="Staðfesta"/>
<input type="button" value="Staðfesta"/> Mig vantar Íslykil	<input type="button" value="Staðfesta"/> Mig vantar rafræn skilríki

Ef um nýskráningu er að ræða er valið „Nýskráning“ og opnast þá nýr gluggi og þá á að færa inn kennitölu (án bandstriks)

Nýskráning forráðamanns	
Kennitala: <input type="text"/>	<input type="button" value="Áfram"/> <input type="button" value="Hætta við"/>

MEIRA Á NÆSTU SÍÐU



Hér þarf að skrá upplýsingar í alla reiti, heimili, netföng og símanúmer. Gæta þess að velja sterkt lykilorð (a.m.k. 8 stafir). Ekki þarf að bíða eftir að lykilorð er samþykkt og er það er ekki sent á netfang þannig að það þarf að geymast vel.

Nýskráning forráðamanns			
Kennitala:	<input type="text"/>	Kyn:	<input type="text" value="KK"/>
Nafn:	<input type="text"/>	Lykilorð:	<input type="text"/>
Heimili:	<input type="text"/>	Lykilorð aftur:	<input type="text"/>
Póstnúmer:	<input type="text" value="105 Reykjavík"/>	Sími:	<input type="text"/>
Netfang:	<input type="text"/>	Farsími:	<input type="text"/>
Netfang aftur:	<input type="text"/>		<input type="text" value="2 RF 3"/>
Aukanetfang:	<input type="text"/>		<input type="text" value="2RF3"/>
Ég er í Val	<input checked="" type="checkbox"/>	Sláðu inn stafina fyrir ofan	<input type="text"/>
<input checked="" type="checkbox"/> Er jafnframt iðkandi		<input type="button" value="Hætta við"/>	<input type="button" value="Skrá"/>

Með því að haka við „Ég er í Val“ er viðkomandi kominn sjálfvirkt inn á póstlista félagsins. Að lokum þarf að samþykka skilmála og skrá. Þetta er bara gert í upphafi við nýskráningu, næst þegar farið er inn í kerfið er valið „Innskráning“

Þegar komið er inn í kerfið þarf að skrá iðkendur. Valið er „Nýr iðkandi“ og þá viðkomandi valin úr fellistökunni. Athugið að skrá þarf netföng og símanúmer fyrir alla iðkendur.

Mín Skráning	Nýr iðkandi	Mínir Iðkendur	
Nýskráning iðkanda			
Kennitala:	<input type="text"/>	Kyn:	<input type="text" value="KVK"/>
Nafn:	<input type="text"/>	Netfang:	<input type="text"/>
Heimili:	<input type="text"/>	Aukanetfang:	<input type="text"/>
Póstnúmer:	<input type="text"/>	Sími:	<input type="text"/>
		Sími2:	<input type="text"/>
<input type="button" value="Til baka"/>		<input type="button" value="Hætta við"/>	<input type="button" value="Skrá"/>

MEIRA Á NÆSTU SÍÐU



Þá birtist listi yfir alla iðkendur í viðkomandi fjölskyldu undir „Mínir iðkendur“. Til að sjá námskeið sem í boði eru fyrir hvern iðkanda þarf að smella á „Námskeið/Flokkar í boði“ Þá birtast þá öll námskeið hjá Val sem eru í boði fyrir þann aldurshóp sem iðkandi tilheyrir. Þá er að velja viðeigandi námskeið til að skrá á það og ganga frá greiðslu.

Ef nota á Frístundastyrk sem greiðslu fyrir námskeið er honum ráðstafað í gegnum Nora. Það er gert með að haka við “Nota Frístundastyrk og þá færast inn fullur styrkur sem er kr. 35.000 fyrir tímabilið sem er eitt ár í senn.

Skráning Iðkanda á námskeið		
Skráning	Staðfesting	Yfirlit
Yfirlit yfir námskeið		
Iðkandi:		
Forráðamaður:		
Deild/Flokkur:	Handknattleiksdeild BUR	6 flokkur karla
Námskeið:	Handbolti	
Tímabil:	01.01.16 -31.05.16	
Upphæð:	50.000,-	
Afsláttur:	5.000,-	
Frístundastyrkur:	35.000,- Breyta	<input checked="" type="checkbox"/> Nota frístundastyrk
Samtals:	10.000,-	
<p>Til að þjálfun og tímar gangi sem best fyrir sig er nauðsynlegt að þjálfarar víti af greiningum, ofnæmi eða öðru sem er hjá barni. Ef eitthvað er hjá þínu barni settu þá nokkrar setningar fyrir okkur.</p>		

ATH: Hægt er að nota hluta frístundastyrks, t.d. þegar verð námskeiðs er lægra en kr. 35.000, með að velja “Breyta, lækka upphæð og “Vista”.

Greiðslufyrirkomulag	
Greiðslumáti:	Kreditkort
Skipta í	1 greiðslur
Kortanúmer:	
Gildistími:	Mán / Ár
Öryggistala:	Hvað er öryggistala?
<input type="checkbox"/> Samþykki skilmála Sjá skilmála	
Staðfestingarsíða	

[Til baka](#)

Hægt er að velja um tvennskonar greiðslumáta í fellistiku, kreditkort og greiðsluseðla og skipta gjaldinu í niður í mánaðarlegar greiðslur. Umbeðnir greiðsluseðlar birtast í netbanka viðkomandi forráðamanns. Fyrir hvern útgefin greiðsluseðil innheimtist sérstakt seðilgjald sem er 390 kr.



Þegar valið hefur verið greiðslumáti og viðeigandi upplýsingar settar inn er mikilvægt að kynna sér og haka við í kjölfarið „Samþykki skilmála“ og samþykkja með greiðslu.

Að því loknu er farið á staðfestingarsíðu og greiðslan kláruð, „Skrá greiðslu“. Í kjölfarið fær forráðamaðurkvittun senda á netfang sitt og ferlinu er lokið. Ef kvittun berst ekki, gætið þess að skoða ruslpóst.

Greiðsluseðlar birtast nær samtímis í netbanka og kortafærslur degi síðar.

Allar nánari upplýsingar um greiðslu og skráningu hjá deildum Vals má fá á skrifstofu félagsins í Valsheimilnu að Hlíðarenda:

- Netfang: valur@valur.is
- Sími á skrifstofu: 414-8000
- Opnunartími 12-16 alla virka daga